



# DANS2LM05

Fjölbrautaskóli Suðurlands **Lestur og menning**

Haustönn 2017

---

<b>Kennari:</b>	<b>Pelle Damby Carøe</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>PC</b>
-----------------	--------------------------	---------------	-----------

**Undanfari:** DANS2FL05

## Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla hjá nemandanum alla færniþætti tungumálsins, að efla sjálfsöryggi hans og tjáningu á eigin hugsunum, að efla sjálfstæði hans og vinnubrögð og að byggja upp sérhæfðan orðaforða.

Áfanginn er **án lokaprófs**, en nánast öll verkefni og próf hafa vægi.

Nemendur þurfa aðstoð foreldra með að panta **Dig og mig ved daggry** sem er **rafbók** á [www.saxo.com](http://www.saxo.com), hún er eftir Glenn Ringtved og Sanne Munk Jensen. Greiðsla fer fram með kreditkorti.

**Tal:** Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í réttum framburði tungumálsins, í að tala tvö og tvö saman og að kynna verkefni sem búið er að vinna með, svara fyrirspurnum og færa rök fyrir máli sínu.

**Hlustun:** Nemendur vinna með ýmiss konar hlustunarefni, sem tengjast m.a. danskri menningu, atvinnu og hreyfingu.

**Ritun:** Nemendur vinna með ýmsar textagerðir hvort heldur sem um er að ræða skapandi skrif eða stýrð verkefni eins og t.d. endursagnir, gagnrýni og frásagnir.

**Orðaforði:** Nemendur vinna með sérhæfðan orðaforða í tengslum við námsefnið: jafnrétti, lýðræði, sköpun, velferð, hreyfingu, sjálfbærni, menntun og heilsu.

**Lestur:** Nemendur lesa tvær skáldsögur, nokkrar smásögur og ýmiss konar rauntexta um málefni líðandi stundar.

**Þekkingarmarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:**

- málvenjum, uppsetningu og skipulagi ritaðs máls
- dönsku samfélagi og menningarlífi
- völdum bókmenntatextum, fræðslu- og fréttagreinum og textum af neti
- orðaforða og orðasamböndum sem tengjast námsefni daglegu töluðu máli einnig þegar um er að ræða nýtt efni

**Leiknimarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa öðlast leikni í:**

- rökræða í ræðu og riti og beita gagnrýninni hugsun þar sem skoðanir hans koma fram á skýran hátt
- nýta á markvissan hátt viðeigandi hjálpargögn til að efla eigin málfærni m.a. með því að nýta málfræðilegar upplýsingar
- skilja og nota algeng stílbrögð í ritmáli
- nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og draga ályktanir
- flytja af nokkru öryggi verkefni fyrir kennara og nemendur í smærri hópum lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem rauntexa og fjalla um inntak þeirra bæði skriflega og munnlega

**Hæfnimarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið
- styrkja eigin málfærni, t.d. með því að nýta málfræðilegar upplýsingar
- beita skýru og lýtalaus máli í ræðu og riti
- taka þátt í umræðum, færa rök fyrir máli sínu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu
- túlka texta þó merkingin liggi ekki á yfirborðinu tengja inntak bókmenntaverks saman við eigið líf, við önnur sambærileg verk og t.d. semja nýjan endi á bókmenntaverk

**Námsefni:**

**Hokus Pokus**, lesbók og vinnubók, í eigu nemenda frá DAN103 og DAN202

**Glimt – ny litteratur på dansk**, smásögu- og ljóðasafn

**Dig og mig ved daggry, rafbók = Ebog** á dönsku, skáldsaga, pantað á [www.saxo.com](http://www.saxo.com)

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

<b>Vika</b>	<b>Dagsetning</b>	<b>Námsefni - viðfangsefni</b>	<b>Próf og verkefni</b>
34 - 37	20. ág. – 17. sep.	<b>Hokus Pokus</b>  <b>Sjónvarpsefni</b>  <b>Smásögur 1, 2 og 3:</b> <i>Glimt – ny litteratur på dansk</i>	Lestur og glósur  Glósupróf 1  Smásögur: Próf 1, 2 og 3
38 - 41	17. sep. - 15. okt.	<b>Hokus Pokus</b>  <b>Skáldsaga:</b> <i>Dig og mig ved daggry</i>  <b>Sjónvarpsefni</b>	Lestur og glósur  Skáldsaga: Próf 1 og 2  Hlustunarpróf 1  Ritun 1
42 - 45	16. okt. – 12. nóv.  <b>HAUSTFRÍ:</b> <b>12.-13. okt.</b>	<b>Hokus Pokus</b>  <b>Skáldsaga:</b> <i>Dig og mig ved daggry</i>  <b>Sjónvarpsefni</b>	Lestur og glósur  Skáldsaga: Próf 3 og 4  Glósupróf 2  Munnlegt próf 1
46 - 49	13. nóv. - 7. des.	<b>Hokus Pokus</b>  <b>Sjónvarpsefni</b>	Lestur og glósur  Munnlegt próf 2  Hlustunarpróf 2  Ritun 2

**Sérreglur áfangans:**

Símat og leiðsagnarmat sem byggir á fjölbreyttu námsmati í tengslum við verkefnavinnu og þemavinnu, einnig jafningjamati, smærri prófum og könnunum. Matið tekur til allra færniþátta, þ.e. hlustunar, tals, ritunar og lesturs.

**Námsmat:**

<b>Námsþáttur</b>	<b>Lýsing á námsmati</b>	<b>Vægi</b>
Skáldsaga: Lestur	4 próf	20%
Smásögur: Lestur	3-4 próf	10%
Hlustun	2 próf	20%
Tal	2 próf	20%
Glósur	2 próf	10%
Ritun	2 próf	15%
Ástundun	Virkni og áhugi	5%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

*Pelle Damby Carøe*